

ar alt, sem varð á vegi hans. Hann er drottinn og meistarinn. Hver skyldi þora að stöðva ferð hans? Kannéke hallar-turnarnir þarna? Með drembipjósti risu þeir upp í loftið eins og þeir væru til með að skora snjóskýjunum á hólmi og gera gabb að storminum.

"Komdu bara í eina röndótta og reyndu til að varpa okkur til jarðar. Við erum reistir á föstum grundvelli og höfum staðið svona öld eftir öld og gert gis að þér og þínnum líkum. Og vita skaltu það, að margir af forfeðrum þínum og félögum hafa brotið af sér hornin hérna á okkur, hallarturnunum í Procza! Veiztu ekki, að það er hin eldgamla bjarga-fasta höll, sem geymir hinar göfugustu greifa-aettir og ber gyltan skjöld nennar vegna? Komdu bara, ef þú þorir. Við hérna erum turnarnir Proczna, sem enginn fær felt að eilífu."

Snjórinn þaut um rúðurnar og myrkrið varð meira og meira.

Rauðleit ljósskýma gægðist út um gluggann á neðsta lofti hallarinnar og þjónsskugga mátti sjá að utan.

Stór hundur þaut eins og kólfí væri skotið um hallargarðinn. Það var eina lífsmarkið með hölli-nni.

Pögul og alvarleg lá hin stóra höll í myrkrinu, bögul eins og dauðinn og alvarleg eins og nóttin.

Þjónninn hafði sett lampann á borðið og svo fór hann burtu.

Ljósskýmu bar yfir herbeargið. Þar voru dýr-indis-myndir í feikna stórum römmum. Og frá gömlum, eldgömlum tínum, báru þessar myndir kveðju til nútímans, fullar af elli og fullar af frægð, fullar af sorg og fullar af gleði, og þó bar sorgin alt